

**Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um stefnu og áætlun um gönguvæna borg**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að skipa stýrihóp um vinnu við gerð stefnu og áætlunar um gönguvæna borg. Í vinnunni verði mótuð sýn og aðgerðir um hvernig Reykjavík getur orðið gönguvæn borg á heimsmeðalvarða og hvernig hægt er að auka aðgengi, öryggisþingningu, vellíðan og hlutdeild gangandi vegfarenda í ferðum innan borgarinnar og stytta og einfalda ferðir þeirra. Öruggar og aðgengilegar gönguleiðir barna í skóla og tómstundir sé sérstakt áhersluatriði vinnunnar. Undir í vinnunni verði meðal annars mótun áætlunar um úrbætur á innviðum eins og gangstéttum, göngubverunum og ljósastýringu sem og stefnumörkun um útfærslur göturýmris og göngubveranna. Einnig verði unnið með áætlun um hraðalækkandi aðgerðir og farið yfir vetrar- og vorþjónustu á gönguleiðum sem og aðrar leiðir til að styðja við umferð gangandi vegfarenda í borginni.

**Greinargerð**

Samkvæmt ferðavenjukönnunum eru 18% af öllum ferðum í Reykjavík farnar fótgangandi og það hefur haldist nokkuð stöðugt síðustu ár. Til samanburðar er um 8% ferða farnar á hjóli en það er fararmáti sem hefur fengið töluverða athygli síðustu ár. Þetta er því töluvert mikið notaður fararmáti en ætla má að tækifærin til að efla hann séu sannarlega fyrir hendi. Gönguvæn borg er einn af rauðum þráðum í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 sem og eitt af meginmarkmiðum í loftslagsáætlun Reykjavíkur 2021-2025. Umferðaröryggisáætlun sem hefur verið unnið eftir síðustu ár snýr að aðgerðum út frá slysatíðni en hér verður um að ræða áætlun sem varðar einnig öryggisþingningu sem snýr meira að aðgengi og vellíðan við notkun fararmátans. Síðustu ár hefur verið unnið eftir sérstakri hjólreiðaáætlun til að styðja við hjólreiðar í borginni. Hér er verið að samþykkja að nýta þá fyrirmynd til að vinna að fjölgun gangandi í borginni og gera borgina skemmtilegri, öruggari og aðgengilegri fyrir gangandi.